

6. Fundur Fagráðs umhverfismála - SSNE

Teams fundur, 28.05.2024

Mætt voru: Arnar Stefánsson, Guðmundur Haukur Sigurðarson og Rut Jónsdóttir (formaður).
Fjarverandi voru Ottó Elíasson og Salbjörg Matthíasdóttir.

Starfsfólk SSNE á fundinum voru Smári Jónas Lúðvíksson, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og Díana Jóhannsdóttir.

Fundurinn var haldinn á Teams milli kl. 10:30-11:30.

0. Áherslur í uppbyggingarsjóð 2025

Díana Jóhannsdóttir kemur og heldur tölu um áherslur í úthlutun Uppbyggingarsjóð vegna ársins 2025 og þá vinnu sem mun eiga sér stað.

Fagráð Umhverfismála leggur til að ekki verði sérstök áhersla við úthlutun í uppbyggingarsjóð en vísar til markmiða sóknaráætlunar í umhverfismálum.

1. Framlenging á skipun fagráðs

Neðan greindur póstur barst til fagráðsmanna fyrr í mánuðinum.

“Góðan daginn,

á 63. fundi stjórnar SSNE var fjallað um skipan úthlutunarnefndar og fagráða. Stjórn samþykkti að óska eftir því við núverandi fagráð að sitja áfram út þetta ár. Er það gert í ljósi þess núgildandi sóknaráætlun landshlutans rennur út um áramót og líklegt að einhverjar breytingar verði þegar ný Sóknaráætlun Norðurlands eystra verður samþykkt í haust.

Bestu kveðjur, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE”

Engin sitjandi fagráðsmaður baðst undan setu í fagráði og situr því fagráðið óbreytt út árið 2024.

2. Breyting á starfsmanni fagráðs

Smári Jónas Lúðvíksson lætur af störfum í lok mánaðar en hann hefur verið starfsmaður fagráðsins frá byrjun árs 2022. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir mun taka við hans hlutverki eftir þennan fund.

Farið var yfir stöðuna, verkefni sem eru í gangi og Sigurborg settur sem starfsmaður fagráðsins. Smára voru þökkun hans góðu störf sem og gott samstarf.

3. Önnur mál.

a. Fulltrúi fagráðs Umhverfismála í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs.

Fagráð umhverfismála hefur það hlutverk að skipa fulltrúa í úthlutunarnefnd. Til þessa hefur Formaður setið í úthlutunarnefnd fyrir fagráð umhverfismála en Rut Jónsdóttir sat síðast fyrir hönd fagráðs umhverfismála eftir að Ottó Elíasson þáverandi formaður baðst undan því.

Rut Jónsdóttir formaður fagráðs umhverfismála mun vera fulltrúi fagráðsins í úthlutunarnefnd líkt og á síðasta ári.

b. Umræður um styrkjamál.

Bæði Eimur og Akureyrarbær hafa fengið myndarlega styrki nýlega, í hvaða verkefni eru þessi peningur að fara, hvernig nýttast þeir svæðinu?

Tekin var umræða um styrki sem aðilar á svæðinu hafa fengið til að vinna að góðum verkum og umræða tekin um hvernig hægt sé að halda utan um samlegð verkefna og umsókna. Fagráðið fagnar góðum árangri í sókn styrkja á svæðið og vonar að frekari undirvinna áætlanagerðar á Norðurlandi eystra ýti en frekar undir þennan árangur